



# ÍSLANDSHÓTEL

## Starfsreglur endurskoðunarnefndar

Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru settar af stjórn Íslandshótela hf. í samræmi við starfsreglur stjórnar og með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Nefndin skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti.

### 1. Skipan endurskoðunarnefndar

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar félagsins og starfar samkvæmt ákvæðum IX. kafla A. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins.

Nefndin skal skipuð þremur aðilum. Meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu og stjórnendum þess, þ.á.m. forstjóra, og a.m.k. annar þeirra óháður stórum hluthöfum félagsins. Nefndarmenn skulu vera óháðir ytri endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins. Forstjóri félagsins og aðrir stjórnendur skulu ekki eiga sæti í nefndinni.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk og störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgöða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Félagið skal skipa einn af starfsmönnum þess sem ritara nefndarinnar og skal hann aðstoða nefndina við öflun gagna, skjalavinnslu, samskipti við starfsmenn félagsins og annað sem nefndin kann að óska eftir. Jafnframt skal hann sitja fundi nefndarinnar og rita fundargerðir.

Segi nefndarmaður af sér störfum eða getur ekki sinnt störfum sínum varanlega skal stjórn félagsins skipa nýjan nefndarmann í hans stað svo fljótt sem kostur er. Meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án fyrirvara.

### 2. Heimildir og aðgengi að gögnum

Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessum starfsreglum. Nefndin getur óskað eftir bókhaldsgögnum og öðrum gögnum og upplýsingum er varða rekstur félagsins og nefndin telur nauðsynlegar.

Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, forstjóra, starfsmönnum og ytri endurskoðanda í því skyni að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegt að fá vegna starfa sinna.

Endurskoðunarnefnd getur óskað eftir heimild stjórnar til að leita sér ráðgjafar ef hún telur það nauðsynlegt til að geta uppfyllt skyldur sínar. Beiðni um slíkt skal send formlega til formanns stjórnar sem jafnframt áritar þá reikninga sem það varða.

Endurskoðunarnefnd skal hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda ef tilefni er til.



# ÍSLANDSHOTEL

### 3. Hlutverk og markmið

Endurskoðunarnefnd er ætlað að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði við endurskoðun þess.

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar eru eftirfarandi:

- **Eftirlit með gerð reikningsskila.**

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð reikningsskila félagsins og endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir helstu álitæfni í reikningsskilum varðandi gerð ársreiknings og árshlutareiknings.

- **Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum.**

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi innleitt viðeigandi innra eftirlit sem tekur á áhættum í starfseminni og að innri eftirlitsþættir virki á áhrifaríkan hátt.

Nefndin yfirfer með stjórnendum og endurskoðanda hvort innra eftirlit, áhættustýring og aðrar eftirlitsaðgerðir séu nægjanlegar. Fylgja skal eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma við innra eftirliti.

Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til nefndarinnar þar sem grunur er um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

- **Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og árshlutareiknings og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.**

Endurskoðunarnefnd skal funda með endurskoðanda félagsins og fara yfir umfang endurskoðunarinnar og endurskoðunaráætlunar.

Endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og skila skýrslu um endurskoðunina og niðurstöður hennar. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti og vinnuferli við gerð reikningsskila. Skýra skal nefndinni frá mikilvægum atriðum sem fram koma við endurskoðunina eins fljótt og auðið er.

Endurskoðunarnefnd skal tryggja að innihald og framsetning skýrslu stjórnar í ársreikningi sé viðunandi og uppfylli ákvæði VI. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerðar 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

- **Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis fyrir félagið.**

Endurskoðunarnefnd gætir þess að ákvæðum laga nr. 94/2019, um endurskoðendur sé fylgt, meðal annars varðandi tímamörk starfa endurskoðanda fyrir félagið og að endurskoðanda félagsins er óheimilt að starfa í þágu félagsins að öðru en endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd skal árlega móttaka skriflega staðfestingu endurskoðanda um að ákvæði laga nr. 94/2019 um endurskoðun sé fylgt, þar sem meðal annars skal koma fram yfirlýsing um að hann og endurskoðunar fyrirtækið sé óháð félaginu.



# ÍSLANDSHOTEL

Í mati endurskoðunarnefndar á óhæði endurskoðanda skal nefndin gæta þess að endurskoðandi og endurskoðunarfyirtæki eigi að vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

- **Önnur verkefni endurskoðunarnefndar**

Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar félagsins um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki fyrir félagið ár hvert, en stjórn félagsins leggur fram endanlega tillögu fyrir aðalfund félagsins.

Endurskoðunarnefnd, í samráði við stjórn, skal meta þörf á og gera tillögu um innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefnd skal árlega meta störf sín ásamt því að yfirfara þessar reglur og meta hvort þær séu fullnægjandi. Breytingar endurskoðunarnefndar á reglum þessum skulu berast skriflega til stjórnar til staðfestingar.

Endurskoðunarnefnd ber ábyrgð á að vinna störf sín samkvæmt lögum og reglum þessum. Endurskoðunarnefnd ber ekki ábyrgð á reikningsskilum eða endurskoðun ársreiknings félagsins. Stjórn og stjórnendur félagsins bera ábyrgð á reikningsskilum og innleiðingu innra eftirlits og óháðir endurskoðendur bera ábyrgð á endurskoðun ársreiknings félagsins.

## 4. Nefndarfundir

Endurskoðunarnefndin skal að lokinni árlegri skipan hennar koma saman til fundar, þar sem nefndarmenn kjósa formann og ritara úr eigin röðum. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

Formaður endurskoðunarnefndar boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna eða ytri endurskoðenda með minnst viku fyrirvara. Fundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni á ársfjórðungi í því skyni að fara yfir ársreikning og árshlutauppgjör, en oftast telji endurskoðunarnefnd ástæðu til.

Endurskoðunarnefnd skal gera áætlun um verkefni ársins, nefndarfundir, fundir með endurskoðanda, stjórn og fundir með starfsmönnum félagsins. Það er ákvörðun nefndarinnar hvort stjórnendur félagsins eða endurskoðandi eru viðstaddir fundir nefndarinnar.

Formaður endurskoðunarnefndar stýrir fundum. Endurskoðunarnefnd er ákvörðunarþær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum í öllum málum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt til að upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

Nefndin skal halda fundargerðabók. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Fundargerðir og önnur gögn skulu aðgengileg stjórnarmönnum, forstjóra og endurskoðanda félagsins.



# ÍSLANDSHOTEL

## 5. Samskipti við stjórn

Endurskoðunarnefnd skal tryggja að stjórn félagsins fái reglulega upplýsingar um helstu störf nefndarinnar. Stjórn félagsins skal hafa aðgang að skriflegum gögnum sem lögð eru fyrir á nefndarfundum.

Stjórn félagsins getur sent endurskoðunarnefnd til umfjöllunar og skoðunar hvert það mál sem hún telur að þurfi skoðunar eða eftirfylgni við sem varðar stjórnun, fjármál, innra eftirlit, gerð fjárhagsskýrsla, áhættustýringu eða aðra þætti sem þarfnast skoðunar. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni með hverjum þeim þáttum sem hún telur nauðsynlegt.

Endurskoðunarnefnd skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins. Skýrslan skal lögð fram áður en árskýrsla er lögð fram.

Í skýrslu til stjórnar skulu koma fram upplýsingar um samskipti nefndarinnar við stjórn, endurskoðanda og starfsmenn félagsins. Þá skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með vinnuferlum við gerð reikningaskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Einnig skal gerð grein fyrir eftirliti nefndarinnar með endurskoðun ársreiknings félagsins og mati á óhæði endurskoðanda.

Stjórn, forstjóri eða fjármálastjóri, sinni úrbótum sem þörf er á að mati endurskoðunarnefndar og gerir stjórn grein fyrir því með hvaða hætti það er gert.

## 6. Trúnaðar- og þagnarskylda

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar málefni félagsins, viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna félagsins eða önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Nefndarmönnum er óheimilt að nýta þær upplýsingar og þau gögn sem þeir fá vegna starfa sinna fyrir félagið í öðrum störfum sínum ótengdum félaginu.

Nefndarmaður skal varðveita tryggilega þau gögn sem hann fær afhent frá félaginu í tengslum við starf sitt. Þegar hann hættir störfum skal hann sjá til þess að gögn, sem hann hefur mótttekið í sambandi við nefndarstörf sín, komist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Reglurnar þessar voru yfirfarnar af endurskoðunarnefnd 30. janúar 2023 og stjórn og staðfestar á stjórnarfundum þann 1. febrúar 2023.